

Erindisbréf skráningarráðs Sarps

Endurskoðað í ágúst 2018

Skráningarráð Sarps er sett á laggirnar til þess að stuðla að samræmingu og gæðum skráninga í Sarp. Ráðið tekur mið af lögum og reglugerðum hvers tíma ásamt leiðbeiningum höfuðsafna um skráningu.

Hlutverk og markmið

Samstarf

1. Að vera samráðsvettvangur Rekstrarfélags Sarps (RS) og aðildarsafna þess varðandi notkun og skráningu í Sarp.
2. Að setja fram leiðbeiningar fyrir aðildarsöfn Sarps um það hvernig þau geta notað heildarskrá Sarps sem hjálpartæki við söfnun og grisjun.
3. Að skipa í vinnuhópa um skráningu eftir því sem þörf krefur, til dæmis vegna nýrra eða breyttra kerfiseininga. Hóparnir eru undir umsjón skráningarráðs.

Gæði skráningar og eftirlit

4. Að byggja upp og viðhalda skráningarhandbók Sarps ásamt innri hjálp kerfisins.
5. Að koma á samráði og eftirliti um skráningu í Sarp eftir aðfangaskrá. Tilnefnd verði söfn eða einstaklingar innan safna sem verða ráðgefandi fyrir ákveðnar aðfangaskrár.
6. Að marka kröfur um lágmarksskráningu í Sarp með tilliti til mismunandi aðfangaskráa.
7. Að setja reglur varðandi málfar og uppbyggingu texta í textareitum.
8. Að aðstoða við mótun aðferða til eftirlits með skráningu í kerfið með það að markmiði að tryggja gæði og samræmi skráninga.
9. Að taka þátt í gæðaeftirliti með stoðtöflum Sarps (Nafnaskrá, Staðarskrá og Efnisorð).
10. Að fylgjast með þróun á alþjóðlegum skráningarstöðlum.
11. Að setja verklagsreglur um birtingu skráningarupplýsinga á ytri vef.

Kennsla og kröfur til skrásetjara

12. Að skilgreina lágmarkskröfur sem gerðar eru til skrásetjara til þess að öðlast skráningarheimildir.

13. Að afturkalla skráningarheimildir notenda ef þörf þykir og samkvæmt verklagsreglum.
 - a. Að skilgreina verklagsreglur vegna afturköllunar skráningarheimildar.
14. Að skera úr um ágreining varðandi skráningu.
15. Að vera í leiðandi hlutverki varðandi mótun skráningarkennslu í Sarp og beita sér fyrir því að skráningarkennsla verði tekin upp á háskólastigi.

Starfsreglur og skipan

1. Rekstrarfélag Sarps skipar 5 skráningarsérfræðinga úr hópi aðildarsafna/stofnana í skráningarráðs Sarps. skv. tilnefningum:
 - a. Listasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands tilnefna hvort um sig einn aðalman og einn varamann til setu í ráðinu.
 - b. Skráningarráð Sarps tilnefnir þrjá fulltrúa í ráðið auk eins varamanns.
 - c. Þeir sem tilefndir eru skulu hafa reynslu af skráningu. Af fremsta megni skal ráðið endurspegla þær aðfangategundir sem unnið er mest með í Sarpi.
 - d. Skipunartími í ráðið er fjögur ár.
 - e. Skipað er í ráðið á tveggja ára fresti, fyrst haustið 2018, næst 2020 og svo koll af kalli. Til að tryggja viðhald þekkingar innan ráðsins er framkvæmdin þessi:
 - i. Fyrst skipar RS fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá Listasafni Íslands og annan skv. tilnefningu frá skráningaráði auk varamanna.
 - ii. Að tveimur árum liðnum skipar RS síðan einn fulltrúa og varamann skv. tilnefningu frá Þjóðminjasafni Íslands og tvo fulltrúa skv. tilnefningu skráningarráðs. Skráningarráð getur á þessum tímamarki tilnefnt nýjan varamann ráðsins ef nauðsyn ber til.
2. Skráningarráð velur sér formann á fyrsta fundi starfsárs.
3. Formaður tilnefnir ritara fyrir hvern fund og á hann að senda fundargerð innan viku frá því fundur var haldinn. Þegar fundargerð hefur verið samþykkt skal birta hana á vef félagsins.
4. Formaður boðar til funda og sendir út skriflega dagskrá í tölvupósti.
5. Skráningarráð heldur fundi eftir þörfum en að lágmarki tvisvar á ári.
6. Skráningarráð miðlar leiðbeiningum og úrskurðum til aðildarsafna Sarps á vef eða með tölvupósti.
7. Fagstjóri Sarps situr fundi án atkvæðisréttar og starfar í þágu ráðsins.
8. Framkvæmdastjóri RS getur setið fundið skráningarráðs óski hann þess.